

Reykjavík, 29. mars 2018

*Efni: Gjöf til bóksafns Kjósarhrepps frá eigendum Miðbúðar 7; Tinnu Laufeyju Ásgeirsdóttur, Péttri Bjarna Einarssyni og Sigurði Gylfa Magnússyni*

Ágæti umsjónarmaður bóksafnsins í Kjósarhreppi, Svanborg Anna Magnúsdóttir í Miðdal  
Fyrir nokkrum árum festi fjölskyldan kaup á staðnum Miðbúð 7 í Kjósarhreppi. Á undanförunum misserum höfum við notið veru okkar í Kjósinni og fengið tækifæri til að kynnast fólki sem þar byggir. Þar er skemmst frá því að segja að við höfum tekið ástfóstri við staðinn og reyndum að dvelja þar öllum stundum. Vinna okkar sem háskólakennara gefur okkur rúmt tækifæri til að dvelja í Miðbúðinni og njóta þess sem landið hefur upp á að bjóða.

Fljótlega eftir að við höfðum komið okkur vel fyrir hér um slóðir fórum við að hugleiða hvernig við gætum látið gott af okkur leiða á svæðinu. Tilfellið er að sonur okkar – Pétur Bjarni – sækir skóla, frístundir og ýmsa aðra þjónustu í Reykjavík þar sem við höldum lögheimili. Vegna þessa er nauðsynlegt fyrir okkur að vera skráð til heimilis þar, í það minnsta enn um sinn. Útsvar okkar rennur því til Reykjavíkurborgar. Hugsanlega eru fasteignagjöld eina framlag okkar til sveitarinnar eins og er. Þó kerfislægar aðstæður séu með þessum hætti viljum við ekki láta okkar eftir liggja í Kjósinni þar sem okkur líður vel.

Eftir nokkra umhugsun þá datt okkur í hug að við værum ef til vill í bestri stöðu til að styrkja bókasafn hreppsins. Bæði eru við höfundar bóka – Tinna Laufey sem prófessor í hagfræði og Sigurður Gylfi sem prófessor í sagnfræði (bæði við Háskóla Íslands) – sem okkur langaði til að gefa safninu en einnig vildum við freista þess að ná sambandi við Háskólaútgáfuna og kann hvort starfsmenn hennar vildu ekki gefa bóksafninu í Kjósinni valdar bækur að þessu tilefni. Það er skemmst frá því að segja að Jörundur Guðmundsson útgáfustjóri féllst strax á þessa hugmynd og nú afhendum við safninu bækur bæði sem við höfum skrifað og gefið út sem og nokkra kassa af bókum frá Háskólaútgáfunni. Allt eru þetta ný eintök, gefin út á liðnum árum.

Að auki langar okkur fjölskyldunni í Miðbúð 7 að afhenda safninu kr. 250.000 styrk sem hægt er að nýta til kaupa nýrra bóka á næstu árum. Við vonum að þessi gjöf komi að notum og styrki safnið í uppbyggingu þess, íbúum Kjósarhrepps til heilla.


Með vinsemd og virðingu,



Tinna Laufey Ásgeirsdóttir



Pétur Bjarni Einarsson



Sigurður Gylfi Magnússon

Afrit sent sveitarstjóra Kjósarhrepps, Guðnýju G. Ívarsdóttur